


Árni Helgason

Framkvæmdaráætlun Gönguseiðaverkefnisins í
Vopnafirði fyrir árið 1985

Eintak bókasafns

VMST- R /85009



VEIÐIMÁLASTOFNUN

VAGNHÖFÐA 7 – 112 REYKJAVÍK

825(A)

VMST-R / 85009

Árni Helgason

Framkvæmdaráætlun Gönguseiðaverkefnisins í
Vopnafirði fyrir árið 1985

Gönguseiðasíl
Sela (í Vopnafirði)
Vesturdalsá -II-
Hofsá -II-
Gönguseiðagildir

18.03.1985

VMST-R / 85009

Efnisyfirlit.

1. Inngangur.....	1
2. Framkvæmd verkefninsins	
2.1. Gönguseiðasleppingar.....	1
2.2. Gönguseiðagildra í Vesturdalsá.....	2
2.3. Skipulag eftirlits.....	2
3. Skýrslur yfir Vopnafjarðarverkefni.....	3
4. Kostnaðaráætlun 1985.....	4

1. Inngangur.

Árið 1985 er gert ráð fyrir því, að starfið verði í meginatriðum þríþætt:

1. Umhirða og slepping 12000 gönguseiða.
2. Veiði og merking á náttúrulegum niðurgöguseiðum í Vesturdalsá.
3. Skipulegt eftirlit með öllum stangveiðiafla í Vopnafjarðaránum í þeim tilgangi, að leita að örmerkjum og taka regluleg sýnishorn af hreistri.

2. Framkvæmd verkefnisins.

2.1. Gönguseiðasleppingar.

Samtals 12000 örmerktum gönguseiðum frá 2 stöðvum verður sleppt í Selá, Vesturdalsá og Hofsá. Ætluð skipting seiðanna í árnar er þessi:

	Laxamýri	Hólar	samtals
Selá	1000	1000	2000
Vesturdalsá	4000	4000	8000
Hofsá	1000	1000	2000
Samtölur	6000	6000	12000

Örmerkingar verða með 6 mismunandi "kódum", þ.e.a.s. aðgreint fyrir hvora stöð í hverja á.

Umhirða og öll meðferð á gönguseiðunum verður með sama hætti og var 1984 og hefur áður verið lýst (Árni Helgason 1984).

Í Vesturdalsá verða notaðar 2 flotkvíar, og verða þær staðsettar í Nýpslóni. Í Hofsá og Selá verða notaðir sleppikassar. Eldi er ráðgert í u.p.b. 4-6 vikur fyrir sleppingu, en tímasetning er ráðgerð í samræmi við útgöngu náttúrulegra gönguseiða úr Vesturdalsá.

2.2. Gönguseiðagildra í Vesturdalsá.

Á sama tímabili og gönguseiðin úr stöðvunum eru í eldi verður höfð gildra neðarlega í Vesturdalsá í þeim tilgangi að veiða náttúruleg gönguseiði á útleið. Tilgangurinn með gildruveiðinni er fjórpættur:

1. Að tímasetja háögngutíma náttúrulegra gönguseiða og tímasetja sleppingu stöðvarseiða í samræmi við það.
2. Að merkja hóp af náttúrulegum gönguseiðum, sem verður til samanburðar, þegar árangur af sleppingu stöðvarseiða verður metinn eftir 1-2 ár.
3. Að freista þess að fá magnbundnar upplýsingar um framleiðslu á gönguseiðum í Vesturdalsá, og kanna samband hennar við niðurstöður úr rafveiðum í ánni á síðustu árum.
4. Að safna grundvallarupplýsingum um líffræði laxins í Vesturdalsá m.a. stærð við útgöngu, aldurs- og kynjaskiptingu gönguseiða, útgöngutíma og samband hans við breytileika í umhverfispáttum (hitastigi, vatnsmagni, birtu o.fl.). En slikar athuganir hafa ekki verið gerðar í ám á Austurlandi fyrr en í Vesturdalsá á síðasta ári.

2.3. Skipulag á eftirliti.

Frá upphafi stangveiðitímabilsins til loka þess (ca. 10.júní - 10.september) verður haft nákvæmt eftirlit með öllum veiddum laxi í Vopnafjarðaránum. Í Hofsá og Selá er gert ráð fyrir því, að þetta eftirlit verði framkvæmt af starfsmönnum veiðifélaganna við árnar, en í Vesturdalsá verður ráðinn sérstakur eftirlitsmaður. Skipulögð sýnataka verður viðhöfð allt veiðitímabilið og verður hún tvíþætt:

1. Allir veiðiuggaklipptir laxar í veiðinni verða vegrnir, lengdarmældir og kyngreindir, og hreistursýni verða tekin af þeim. Fremsti hluti af efra skolti verður tekinn í þeim tilgangi að endurheimta örmerki og fá upplýsingar um uppruna og sleppitíma.
2. Allir laxar, sem veiðast á mánudegi í hverri viku veiðitímabilsins, verða vegrnir, lengdarmældir og kyngreindir, auk þess sem hreisturssýnishorn verða tekin af þeim.

3. Skýrslur yfir Vopnafjarðaverkefni.

- Árni Helgason, 1984 : Gönguseiðaverkefnið í Vopnafjarðaránum.
Vinnuskýrsla fyrir 1984. (VAUST/8407)
- Árni Helgason, 1984 : Redegörelse for Smoltprojektet i Vopnafjörður for året 1984. (VAUST/8411)
- Árni Helgason, 1985 : Kort oversigt over udviklingen i Smoltprojektet i Vopnafjörður og foreslag om fortsætning i 1986. (Veiðimálastofnun).
- Árni Ísaksson, 1984 : Redegörelse for Smoltprojectet i Vopnafjörður for året 1983. (Veiðimálastofnun)

4. Kostnaðaráætlun 1985.

Gönguseiði frá Laxamýri (6000 stk)	250.000
Gönguseiði frá Hólum (6000 stk)	250.000
Flutningskostnaður á seiðum	20.000
Kostnaður vegna rannsóknartækja	40.000
Fóðurkostnaður	20.000
Laun (2 menn í 35 daga)	100.000
Ferða- og uppihaldskostnaður (35 dagar)	60.000
Kostnaður við eftirlit (ca. 70 dagar)	40.000
Bifreiðar- og aksturskostnaður	80.000
<u>Öfyrirsjáanlegur kostnaður</u>	<u>20.000</u>
Samtals	880.000

Rannsóknarstyrkur frá Vestnordenprojektet er 200.000 NKR sem
jafngildir 880.000 IKR (gengi NKR 4.40 18.03.1985)
Allar kostnaðartölur eru áætlaðar tölur.



Arni Helgason